

SAMÞYKKT

um stjórn og fundarsköp Skaftárhrepps.

I. KAFLI

Um skipan sveitarstjórnar og verkefni hennar.

1. gr.

Skipan sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn Skaftárhrepps er skipuð fimm sveitarstjórnarmönnum kjörnum samkvæmt lögum um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998.

2. gr.

Sjálfstætt stjórnvald.

Skaftárhreppur er sjálfstætt stjórnvald, sem er stjórnað af lýðræðislega kjörinni sveitarstjórn í umboði íbúa sveitarfélagsins.

3. gr.

Verkefni sveitarfélagsins.

Sveitarstjórn skal gæta hagsmuna sveitarfélagsins og vera í fyrirsvari fyrir það og vinna að sameiginlegum velferðarmálum íbúa þess.

Sveitarstjórn annast þau lögmæltu verkefni sem henni eru falin í lögum, sbr. og leiðbeinandi auglýsingu frá ráðuneyti sveitarstjórnarmála, reglugerðum og samþykktum. Þá getur sveitarstjórn ákveðið að sveitarfélagið taki að sér verkefni sem varðar íbúa þess sérstaklega enda sé það ekki falið öðrum til úrlausnar að lögum.

II. KAFLI

Um sveitarstjórn.

4. gr.

Hlutverk sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn fer með stjórn Skaftárhrepps samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, með síðari breytingum, annarra laga og samþykkt þessari.

Sveitarstjórn hefur ákvörðunarvald um nýtingu tekjustofna, lántökur og ráðstöfun eigna og um framkvæmd verkefna sveitarfélagsins. Jafnframt fer sveitarstjórnin með yfirstjórn stofnana og fyrir-tækja á vegum sveitarfélagsins að svo miklu leyti sem sveitarstjórn hefur ekki falið öðrum slíka yfir-stjórn.

5. gr.

Verkefni sveitarstjórnar.

Meðal verkefna sveitarstjórnar Skaftárhrepps er:

1. Að sjá um að lögbundnar skyldur séu ræktar og hafa eftirlit með því að fylgt sé viðeigandi reglum í störfum sveitarfélagsins.
2. Að kjósa oddvita og varaoddvita sveitarstjórnar, sbr. 13. gr. sveitarstjórnarlaga, nefndir, ráð og stjórnir skv. V. kafla sveitarstjórnarlaga, og ráða löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfyritæki sem vinna skal að endurskoðun hjá sveitarfélaginu, sbr. VII. kafla sveitarstjórnarlaga.
3. Að setja sveitarstjórn siðareglur, sbr. 29. gr. sveitarstjórnarlaga.
4. Að ákveða stjórnkerfi sveitarfélagsins og ráða sveitarstjóra, sbr. 54. gr. sveitarstjórnarlaga og aðra starfsmenn í helstu stjórnunarstöður hjá sveitarfélaginu, sbr. 56. gr. laganna.
5. Að móta stefnu fyrir starfsemi sveitarfélagsins, deilda og stofnana, að setja starfsemi sveitarstjórnar reglur, setja samþykktir og gjaldskrár eftir því sem lög mæla fyrir um og þörf krefur.

6. Að fara með fjárstjórnarvald sveitarfélagsins, sbr. 58. gr. sveitarstjórnarlaga og gera fjárhagsáætlanir, sbr. 62. gr. sömu laga.
7. Að bera ábyrgð á fjármálum sveitarfélagsins, stofnana þess og fyrirtækja, sbr. 77. gr. sveitarstjórnarlaga og VIII. kafla samþykktar þessarar og taka ákvarðanir um verulegar skuldbindingar sveitarfélagsins til lengri tíma.
8. Að hafa eftirlit með framkvæmd samstarfsverkefna og þjónustusamninga, sbr. IX. kafla sveitarstjórnarlaga.
9. Að veita íbúum sveitarfélagsins og þeim sem njóta þjónustu þess upplýsingar um málefni sem snerta hagi þeirra og um samstarf sem sveitarfélagið hefur við önnur sveitarfélög, sbr. 103. gr. sveitarstjórnarlaga.

6. gr.

Ný sveitarstjórn tekur til starfa.

Nýkjörin sveitarstjórn tekur við störfum 15 dögum eftir kjördag. Jafnlengi heldur fráfarandi sveitarstjórn umboði sínu, með þeim takmörkunum sem leiðir af lögum um kosningar til sveitarstjórna. Nýkjörin sveitarstjórn hefur einungis umboð til tóku ákvarðana um málefni sveitarstjórnarinnar eða sveitarfélagsins eftir að hún tekur við störfum.

Sá sveitarstjórnarmaður sem á að baki lengstu setu í sveitarstjórn kveður sveitarstjórnina saman til fyrsta fundar að afloknum sveitarstjórnarkosningum eigi síðar en 15 dögum eftir að hún tekur við störfum, þ.e. eigi síðar en 30 dögum eftir kjördag. Sá sveitarstjórnarmaður er boðar til fyrsta fundar setur fyrsta fund nýkjörinnar sveitarstjórnar og stýrir honum uns oddviti hefur verið kjörinn.

Hafi tveir eða fleiri sveitarstjórnarmenn átt jafnlengi setu í sveitarstjórn fer aldursforseti þeirra með fundarboð skv. þessari málsgrein.

Fyrsta fund skal boða með a.m.k. fjögurra daga fyrirvara.

7. gr.

Kjör oddvita og varaoddvita.

Á fyrsta fundi kýs sveitarstjórn oddvita og einn varaoddvita. Heimilt er að kjósa tvo varaoddvita telji sveitarstjórn þörf á því. Varaoddvitar gegna störfum oddvita í forföllum hans í þeirri röð sem þeir eru kosnir. Skal kjörtímabil þeirra vera hið sama og sveitarstjórnar.

Njóti oddviti eða varaoddviti ekki lengur stuðnings meirihluta sveitarstjórnarmanna skal kjósa í þau embætti að nýju. Hið sama á við ef oddviti eða varaoddviti forfallast varanlega eða fær lausn frá starfi.

Sá er rétt kjörinn oddviti sem fengið hefur atkvæði meirihluta sveitarstjórnarmanna. Verði þeim atkvæðafjöldi ekki náð skal kjósa að nýju um þá tvo sem flest atkvæði fengu. Hafi þrír eða fleiri sveitarstjórnarmenn fengið jafnmörg atkvæði skal varpa hlutkesti um hverja tvo skuli kjósa. Verður þá sá rétt kjörinn oddviti sem fleiri atkvæði fær þó hann fái ekki helming atkvæða. Verði atkvæði jöfn ræður hlutkesti kosningu.

Þegar að lokinni kosningu oddvita skal kjósa varaoddvita. Oddviti stjórnar kjöri varaoddvita sveitarstjórnar og skal sömu aðferð beitt við kosningu hans, sbr. 3. mgr. Varaoddviti skal kjörinn til jafnlangs tíma og oddviti.

Tilkynna skal kjör oddvita og varaoddvita til ráðuneytis sveitarstjórnarmála þegar að því loknu.

III. KAFLI

Um fundarsköp sveitarstjórnar.

8. gr.

Fundir sveitarstjórnar og fundarsköp.

Sveitarstjórn heldur reglulega fundi, að jafnaði einu sinni í hverjum mánuði. Sveitarstjórn skal í upphafi kjörtímabils koma sér saman um fastan fundartíma. Heimilt er að fella niður reglulegan sveitarstjórnarfund vegna sumarleyfa. Sveitarstjórn er heimilt að fella niður reglulegan fund sinn, enda sé tillaga um slíkt samþykkt mótatkvæðalaust á næsta fundi sveitarstjórnar á undan.

Aukafundi skal halda í sveitarstjórn eftir því sem þörf krefur að mati oddvita og sveitarstjóra og skylt er að halda aukafund í sveitarstjórn ef a.m.k. þriðjungur sveitarstjórnarmanna óskar þess, enda geri þeir grein fyrir ástæðum og fundarefni.

9. gr.

Boðun sveitarstjórnarfundar.

Sveitarstjóri boðar sveitarstjórnarfundir og ákveður jafnframt fundarstað hafi sveitarstjórn ekki gert það. Sveitarstjóri skal senda sveitarstjórnarmönnum og varamönnum þeirra fundarboð sveitarstjórnarfundar ásamt dagskrá og fylgigögnum þannig að þau gögn berist þeim í síðasta lagi tveimur sólarhringum fyrir sveitarstjórnarfund.

Aukafund skal boða ekki síðar en tveimur virkum dögum eftir að ósk þar um barst þeim er boða skal fund. Fundarboð vegna aukafundar skal berast sveitarstjórnarmönnum svo fljótt sem auðið er og ekki síðar en sólarhring fyrir fund. Fundarboði skal fylgja dagskrá fundar og þau gögn sem eru nauðsynleg til að sveitarstjórnarmenn geti tekið upplýsta afstöðu til mála sem þar eru tilgreind.

10. gr.

Dagskrá sveitarstjórnarfundar.

Sveitarstjóri semur dagskrá sveitarstjórnarfundar í samráði við oddvita og skal dagskráin fylgja fundarboði.

Á dagskrá sveitarstjórnarfundar skal taka:

1. Lögákvæðnar kosningar, svo sem kosningu oddvita og varaoddvita, kosningar nefnda, ráða og stjórna á vegum sveitarfélagsins, svo og ráðningar sveitarstjóra og starfsmanna í helstu stjórnunarstöður hjá sveitarfélaginu og endurskoðenda þess.
2. Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna á vegum sveitarfélagsins.
3. Ályktanir og tillögur sem fram koma í fundargerðum, sbr. 2. tölul. hér að framan og þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar, skal tilgreina sérstaklega í dagskrá.
4. Önnur mál sem falla undir verkvið sveitarstjórnar og sveitarstjóri og/eða oddviti ákveður að taka á dagskrá eða einhver sveitarstjórnarmaður óskar að tekin verði á dagskrá.

Sveitarstjórnarmaður sem óskar að fá mál tekið á dagskrá sveitarstjórnarfundar skal tilkynna það sveitarstjóra skriflega með tillögu eða fyrirspurn a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

Dagskrá sveitarstjórnarfundar skulu fylgja afrit fundargerða, tillagna og annarra gagna sem sveitarstjóri telur nauðsynleg til að sveitarstjórnarmenn geti undirbúið sig fyrir fundinn.

11. gr.

Tilkynning til íbúa um fundi sveitarstjórnar.

Íbúum sveitarfélagsins skal kunnert með auglýsingu hvar og hvenær sveitarstjórnarfundir eru haldnir. Miðað skal við að sem flestir íbúar sveitarfélagsins hafi greiðan aðgang að auglýsingunni.

Í upphafi kjörtímabils sveitarstjórnar tekur sveitarstjórn ákvörðun um hvernig fundir hennar verði auglýstir og með hvaða fyrirvara. Skal sú ákvörðun kynnt íbúum sveitarfélagsins með tryggum hætti, svo sem í dreifibréfi eða auglýsingu í staðbundnu fréttablaði.

Dagskrá sveitarstjórnarfundar skal vera aðgengileg íbúum sveitarfélagsins þegar hún hefur verið samin, svo sem á auglýsingatöflu sveitarfélagsins, heimasíðu sveitarfélagsins, skrifstofu sveitarfélagsins á venjulegum afgreiðslutíma eða með öðrum hætti sem sveitarstjórn ákveður innan sömu tímamarka og á við um sveitarstjórnarmann.

12. gr.

Opnir fundir sveitarstjórnar.

Sveitarstjórnarfundir skal að jafnaði halda í heyranda hljóði og almenningi heimilaður aðgangur að þeim eftir því sem húsrúm leyfir.

Sveitarstjórnarfundur skal haldinn í húsnaði sem fullnægir ákvæðum laga um aðgang fatlaðs fólks.

Sveitarstjórn getur ákveðið að einstök mál verði rædd fyrir luktum dyrum þegar það telst nauðsynlegt vegna eðlis málsins, svo sem viðkvæm einkamál manna eða viðskiptamál sem æskilegt er

vegna hagsmuna sveitarfélagsins að rædd verði fyrir luktum dyrum. Jafnframt getur sveitarstjórnin ákveðið að sveitarstjórnarfundur þar sem eingöngu er fjallað um slík mál verði haldinn fyrir luktum dyrum. Tillaga um að mál skuli rædd fyrir luktum dyrum skal afgreidd umræðulaust í sveitarstjórn.

Óheimilt er að skýra frá því sem fram kemur við umræður á lokuðum fundi í sveitarstjórn.

13. gr.

Ályktunarhæfi og atkvæðagreiðsla.

Sveitarstjórnarfundur er lögmætur ef meira en helmingur sveitarstjórnarmanna er mættur á fundinn og getur sveitarstjórnin enga bindandi ályktun gert nema sveitarstjórnarfundur sé lögmætur.

Á sveitarstjórnarfundum ræður afl atkvæða úrslitum mála. Hjúseta telst þátttaka í atkvæðagreiðslu. Ef jafnmörg atkvæði eru með málefni og á móti fellur það en við kosningar ræður hlutkesti.

14. gr.

Fjarfundarbúnaður.

Sveitarstjórnarmönnum er heimilt að taka þátt í fundi sveitarstjórnar með fjarfundarbúnaði, sbr. 3. mgr. 17. gr. sveitarstjórnarlaga. Heimild þessi gildir aðeins ef brýna nauðsyn ber til, svo sem vegna veðurs eða erfiðra samgangna innan sveitarfélagsins. Sveitarstjórnarmaður sem tekur þátt í fundi sveitarstjórnar með fjarfundarbúnaði undirritar fundargerð á næsta fundi sveitarstjórnar. Ef sveitarstjórnarmaður er staddur utan sveitarfélagsins skal kalla til varamann. Að öðru leyti gildir auglýsing ráðherra um framkvæmd fjarfunda, sbr. 2. mgr. 19. gr. sveitarstjórnarlaga.

15. gr.

Tvær umræður í sveitarstjórn.

Sveitarstjórn afgreiðir mál að jafnaði við eina umræðu. Þó skal hafa tvær umræður með a.m.k. einnar viku millibili um eftirtalin málefni:

1. Ársreikninga sveitarfélagsins, stofnana þess og fyrirtækja.
2. Samþykktir, reglugerðir og gjaldskrár sem hljóta eiga staðfestingu ráðherra.
3. Áætlanir fyrir sveitarfélagið sem gilda eiga til lengri tíma, svo sem þriggja ára áætlanir og skipulags- og framkvæmdaáætlanir.
4. Tilkynningu til eftirlitsnefndar, skv. 77. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Þá skal sveitarstjórn hafa tvær umræður, með a.m.k. tveggja vikna millibili, um fjárhagsáætlanir sveitarfélagsins skv. 62. gr. sveitarstjórnarlaga. Ákvæði þetta gildir þó ekki um samþykkt viðauka við fjárhagsáætlanir.

16. gr.

Fundarsköp og ritun fundargerða.

A. Meginreglur fundarskapa skulu vera eftirfarandi:

- a. *Fundarstjórn.* Oddviti sveitarstjórnar stýrir fundum hennar. Hann setur fund, kannar lög- mæti hans, stjórnar umræðum og afgreiðslu mála og slítur fundi þegar dagskrá hans er tæmd. Jafnframt sér hann um að fundargerðir séu skipulega færðar í gerðabók sveitar- stjórnar og að allar ályktanir og samþykktir séu rétt og nákvæmlega bókaðar svo og hverja afgreiðslu þær hljóta.
- b. *Vald oddvita.* Oddviti úrskurðar um skilning á fundarsköpum en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar sveitarstjórnar. Oddviti sér um að allt fari skipulega og löglega fram á sveitar- stjórnarfundum og er sveitarstjórnarmönnum skylt að lúta valdi hans að því er varðar fundarsköp og góða reglu. Beri sveitarstjórnarmaður aðra menn brigslum eða vikur verulega frá umræðuefninu skal oddviti víta hann. Oddviti getur lagt til við sveitarstjórn að sveitar- stjórnarmaður sem víttur hefur verið tvisvar á sama fundi verði sviptur málfrelsi á þeim fundi. Skal slík tillaga afgreidd umræðulaust. Hlýðnist sveitarstjórnarmaður ekki úrskurði oddvita eða sveitarstjórnar eða ef óregla kemur upp á fundi skal oddviti gera fundarhlé, fresta fundi eða slíta fundi ef nauðsyn krefur.

Raski áheyrandi fundarfríði getur oddviti vísað honum úr fundarsal. Leyfi oddvita þarf til að taka myndir og hljóðrita umræður á sveitarstjórnarfundum.

- c. *Afgreiðsla mála.* Mál skulu tekin til umræðu og afgreidd í sveitarstjórn í þeirri röð sem þau eru á dagskrá nema oddviti eða sveitarstjóri ákveði annað. Heimilt er að taka til meðferðar á sveitarstjórnarfundi mál sem ekki hefur verið á dagskrá ef 2/3 viðstaddra sveitarstjórnarmanna samþykkja slíkt afbrigði. Mál er afgreitt í sveitarstjórn með því að samþykkja það eða fella það, vísa því frá sveitarstjórn eða vísa því til afgreiðslu nefndar, ráðs, stjórnar eða sveitarstjóra. Máli sem sveitarstjórn ber að lögum að afgreiða verður þó eigi vísað til afgreiðslu annarra. Sveitarstjórn er heimilt að fresta afgreiðslu máls nema um sé að ræða mál sem að lögum ber að afgreiða fyrir tiltekinn tíma.
- d. *Málfrelsi sveitarstjóra.* Sveitarstjóri skal sitja fundi sveitarstjórnar með málfrelsi og tillögurétt en hann hefur ekki atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn í sveitarstjórn.
- e. *Málfrelsi.* Sveitarstjórnarmaður hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á sveitarstjórnarfundum. Sveitarstjórnarmaður sem taka vill til máls skal óska heimildar oddvita. Að jafnaði skulu sveitarstjórnarmenn taka til máls í þeirri röð sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Víkja má frá þeirri reglu ef um er að ræða sveitarstjóra, framsögumann í máli eða sveitarstjórnarmann sem óskar að gera stutta athugasemd bera af sér ámæli eða koma leiðréttingu á framfæri. Hafi tveir eða fleiri sveitarstjórnarmenn kvatt sér hljóðs samtímis ákveður oddviti í hvaða röð þeir skuli tala. Sveitarstjórn getur heimilað einstaklingi utan sveitarstjórnar að taka til máls á sveitarstjórnarfundi.
- f. *Ávarp ræðumanns.* Sveitarstjórnarmaður skal beina máli sínu til oddvita eða fundarins. Sveitarstjórnarmaður skal ávarpa einstaka sveitarstjórnarmenn með fullu nafni. Þegar til umræðu er fundargerð nefndar, ráðs eða stjórnar skal sveitarstjórnarmaður taka fram hvaða lið/liði fundargerðarinnar hann óskar að ræða. Ekki má sveitarstjórnarmaður lesa upp prentað mál við umræður í sveitarstjórn nema með leyfi oddvita.
- g. *Hve oft má tala.* Sveitarstjórnarmaður má tala tvisvar við hverja umræðu máls. Heimilt er þó sveitarstjórnarmanni að taka oftari til máls til að bera af sér ámæli eða til að gera stutta athugasemd um fundarstjórn oddvita. Sveitarstjóri, flutningsmaður tillögu eða framsögumaður (talsmaður flutningsmanna) má þó tala oftari en tvisvar við hverja umræðu máls. Sveitarstjóri hefur óbundið málfrelsi.
- h. *Ræðutími.* Telji oddviti umræður dragast úr hófi fram getur hann lagt fram dagskrártillögu um að ræðutími hvers sveitarstjórnarmanns verði takmarkaður, umræðum verði lokið á tilteknum tíma eða umræðum um mál verði lokið þá þegar. Hver sveitarstjórnarmaður getur og borið fram slíkar tillögur. Sveitarstjórn afgreiðir tillögur um takmörkun umræðna umræðulaust. Ekki má þó takmarka umræðu um mál svo að hún standi skemur en tvær klukkustundir ef einhver sveitarstjórnarmaður kveður sér hljóðs. Umræður um fjárhagsáætlun eru ekki háðar ákvæðum greinar þessarar.
- i. *Tillögur og afgreiðsla.* Sveitarstjórnarmaður getur borið fram breytingartillögu, viðauka-tillögu, frávísunartillögu eða frestunartillögu við hvert það mál sem til umræðu er á fundi. Slíkar tillögur skulu vera skriflegar ef oddviti óskar. Oddviti ákveður í hvaða röð og með hvaða hætti slíkar tillögur eru teknar til afgreiðslu.
- j. *Réttur til bókunar.* Þeir sem hafa rétt til að taka þátt í umræðum í sveitarstjórn eiga rétt á að fá bókaðar í fundargerð stuttar athugasemdir um afstöðu til þeirra mála sem til umræðu eru.
- k. *Atkvæðagreiðsla.* Atkvæðagreiðsla á sveitarstjórnarfundi fer að jafnaði fram með handauppréttingu. Oddviti biður þá sveitarstjórnarmenn sem samþykkja mál að rétta upp hönd sína. Að því búnu leitar oddviti mótatkvæða með sama hætti. Loks skýrir oddviti frá úrslitum atkvæðagreiðslunnar. Á sveitarstjórnarfundum ræður afl atkvæða úrslitum mála. Hjáseta telst þátttaka í atkvæðagreiðslu. Ef jafnmörg atkvæði eru með málefni og móti því fellur það en við kosningar ræður hlutkesti. Sveitarstjórnarmanni er ekki skylt að taka þátt í atkvæðagreiðslu um einstök mál. Þegar um er að ræða mál sem sveitarstjórn er að lögum skylt að afgreiða, svo sem fjárhagsáætlun, ársreikninga eða kjör fulltrúa í lögboðnar nefndir, getur oddviti ákveðið að endurtaka atkvæðagreiðslu ef minna en helmingur sveitarstjórnarmanna tekur þátt í atkvæðagreiðslunni. Ef mál er svo vaxið að oddviti telur ástæðulaust að atkvæðagreiðsla fari fram um það skýrir hann frá því að hann telji mál samþykkt eða fellt án atkvæðagreiðslu nema athugasemd verði við það gerð.

Oddviti getur ákveðið að mál verði afgreitt með nafnakalli. Einnig ber oddvita að láta fara fram nafnakall ef a.m.k. þriðjungur sveitarstjórnarmanna óskar þess. Við nafnakall skal farið eftir tölusettri nafnaskrá sveitarstjórnarmanna í stafrófsröð og skal það ráðast af útdrætti hvaða sveitarstjórnarmaður greiðir fyrst atkvæði við nafnakall. Við nafnakall skal oddviti greiða atkvæði síðastur. Við nafnakall svarar sveitarstjórnarmaður, þegar oddviti les upp nafn hans, já eða nei eftir því hvort hann er með máli eða móti eða tekur fram að hann greiði ekki atkvæði en slík afstaða telst þó þátttaka í atkvæðagreiðslu.

Heimilt er að afgreiða mál með skriflegri atkvæðagreiðslu ef sveitarstjórnarmaður óskar og sveitarstjórn samþykkir.

- l. *Kosningar*. Kosningar skulu ávallt vera skriflegar og leynilegar. Kosningar sem fara fram í sveitarstjórn skv. 43. gr. sveitarstjórnarlaga skulu vera hlutfallskosningar skv. d'Hondts reglu, sbr. 85. og 86. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998. Þegar um meiri-hlutakosningu er að ræða, svo sem við kjör eins fulltrúa úr hópi tveggja eða fleiri, skal kosning fara fram eins og við oddvitakjör. Sveitarstjórn ber að hafa í huga ákvæði 4. tölul. 1. mgr. 45. gr. sveitarstjórnarlaga varðandi kynjahlutfall.
- B. Meginreglur fundarritunar skulu vera:
 - a. *Skráning fundargerða*. Sveitarstjórn getur ráðið sérstakan fundarritara utan sveitarstjórnar til að annast ritun fundargerða í gerðabók sveitarstjórnar. Í fundargerð skal getið hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji fundinn. Skrá skal þau mál sem tekin eru fyrir, dagsetningu þeirra, aðila máls og meginefni og hvernig mál er afgreitt. Sé mál ekki afgreitt samhljóða skal greina í fundargerð hvernig atkvæði hafa skipst. Þegar lagðar eru fram fundargerðir nefnda nægir að skrá í fundargerð sveitarstjórnar um hvaða nefndir er að ræða, dagsetningu fundargerða og fjölda töluliða. Um ritun fundargerða sveitarstjórnar skal að öðru leyti farið eftir leiðbeiningum um ritun fundargerða sveitarstjórna, samanber auglýsingu þess efnis nr. 977/2012, eða síðari leiðbeiningum sem settar hafa verið samkvæmt 2. mgr. 19. gr. sveitarstjórnarlaga.
 - b. *Frágangur fundargerða*. Í lok fundar skal fundargerð lesin upp og skulu allir viðstaddir fundarmenn undirrita hana nema sveitarstjórn ákveði annað. Sveitarstjórn getur ákveðið að fundargerðir verði skráðar í tölvu. Verði það gert skal bóka í gerðabók sveitarstjórnar númer fundar, hvar og hvenær fundurinn er haldinn og að fundargerð sé færð í tölvu. Þá skal færa í gerðabók fundarslit og greina blaðsíðutal fundargerða. Viðstaddir sveitarstjórnarmenn skulu rita nöfn sín við slit fundar í gerðabók. Í lok fundarins skal tölvuskráð fundargerð prentuð út og hún undirrituð af fundarmönnum. Einnig skal oddviti og a.m.k. einn fundarmanna setja upphafsstafi sína undir hverja blaðsíðu fundargerða sem blaðsíðusettar skulu í áframhaldandi töluröð. Undirritaðar tölvuskráðar fundargerðir skulu reglulega bundnar inn til varanlegrar varðveislu. Sveitarstjórnarmaður sem gera vill athugasemd við eitthvert atriði í fundargerð getur undirritað fundargerðina með fyrirvara um það atriði.
 - c. *Trúnaðarmál*. Mál sem tekin eru fyrir á lokuðum fundi skal skrá sem trúnaðarmál. Trúnaðarmál, sbr. 5. og 6. gr. upplýsingalaga nr. 50/1996, skal skrá í trúnaðarbók. Í slíkum tilfellum skal skrá vísun til trúnaðarbókar í fundargerð. Færslur í trúnaðarbók skulu undirritaðar á sama hátt og fundargerð.
 - d. *Hljóðritun*. Sveitarstjórn getur ákveðið að umræður á sveitarstjórnarfundum verði hljóðritaðar eða teknar upp með öðrum hætti. Verði það ákveðið skal sveitarstjórn setja um það nánari reglur.

17. gr.

Hæfi til þátttöku í meðferð og afgreiðslu einstakra mála.

Um hæfi sveitarstjórnarmanna, nefndarfulltrúa og starfsmanna sveitarfélagsins til þátttöku í meðferð eða afgreiðslu mála þar sem á, eða til greina kemur, að taka stjórnvaldsákvörðun skv. 2. mgr. 1. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, gilda ákvæði stjórnsýslulaga sé ekki öðruvísi ákveðið í sveitarstjórnarlögum. Viðkomandi telst þó aðeins vanhæfur sé hann eða hafi verið maki aðila, skyldur eða mægður aðila í beinan legg eða að einum lið til hliðar eða tengdur aðila með sama hætti

vegna ættleiðingar. Þá verður starfsmaður sveitarfélagsins ekki vanhæfur vegna vanhæfis yfirmanns ef eðli máls eða uppbygging stjórnkerfis sveitarfélagsins þykir ekki gefa tilefni til slíks.

Í öðrum tilvikum en skv. 1. mgr. ber sveitarstjórnarmanni, nefndarfulltrúa eða starfsmanni sveitarfélagsins að víkja sæti við meðferð og afgreiðslu máls þegar það varðar hann eða nána vensla-menn hans svo sérstaklega að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju leyti þar af. Þessi regla tekur einnig til gerðar samninga fyrir hönd sveitarfélagsins.

Sveitarstjórnarmenn eru ekki vanhæfir þegar verið er að velja fulltrúa til trúnaðarstarfa á vegum sveitarstjórnarinnar eða ákveða þóknun fyrir slík störf.

Sveitarstjórnarmenn eða nefndarmenn sem jafnframt eru starfsmenn sveitarfélagsins og hafa sem slíkir átt þátt í að undirbúa eða taka ákvörðun í tilteknu máli sem lagt er fyrir sveitarstjórn eða nefnd eru alltaf vanhæfir þegar sveitarstjórnin eða nefndin fjallar um málið. Þetta á þó ekki við um sveitarstjóra né þegar sveitarstjórnin fjallar um og afgreiðir fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélagsins.

Ákvæði 4. mgr. á ekki við þegar sveitarstjórn eða viðkomandi nefnd fjallar um og afgreiðir ársreikninga, fjárhagsáætlanir, skipulagsáætlanir og aðrar almennar áætlanir sveitarfélagsins, enda eigi sveitarstjórnarmaður eða nefndarmaður ekki sérstakra og verulegra hagsmuna að gæta umfram aðra við afgreiðslu viðkomandi málefnis.

Sveitarstjórnarmaður, nefndarfulltrúi eða starfsmaður sveitarfélagsins sem veit hæfi sitt eða annars orka tvímælis skal án tafar vekja athygli oddvita, formanns nefndar eða næsta yfirmanns á því.

Sveitarstjórn tekur ákvörðun um hæfi sveitarstjórnarmanns til meðferðar og afgreiðslu einstakra mála. Sveitarstjórnarmaður sem hlut á að máli má taka þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt. Nefnd tekur ákvörðun um hæfi nefndarmanns. Nefndarmaður sem hlut á að máli má taka þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt.

Sveitarstjórnarmaður eða nefndarmaður sem er vanhæfur til meðferðar máls má ekki taka þátt í meðferð þess eða hafa áhrif á það með öðrum hætti og skal ávallt yfirgefa fundarsal við meðferð þess og afgreiðslu.

18. gr.

Varamenn í sveitarstjórn.

Varamenn taka sæti í sveitarstjórn í þeirri röð sem þeir eru kosnir. Hafi kosning farið fram með hlutbundinni kosningu taka varamenn sæti í þeirri röð sem listi var skipaður og að öðru leyti í samræmi við 21. gr. sveitarstjórnarlaga.

IV. KAFLI

Um réttindi og skyldur sveitarstjórnarmanna.

19. gr.

Skyldur sveitarstjórnarmanna.

Sveitarstjórnarmanni er skylt að sækja alla sveitarstjórnarfundi og fundi í nefndum og ráðum sem hann hefur verið kjörinn til nema lögmæt forföll hamli, svo sem önnur brýnni skyldustörf eða veikindi.

Sé sveitarstjórnarmaður forfallaður um stundarsakir skal hann tilkynna eða láta tilkynna forföllin til sveitarstjóra sem boðar þá varamann hans á fund. Varamenn taka sæti í sveitarstjórn í þeirri röð sem þeir eru kosnir.

Aðal- og varamönnum í sveitarstjórn er skylt að taka kjöri í nefnd, ráð eða stjórn á vegum sveitarfélagsins. Hver sveitarstjórnarmaður er skyldur til að taka að sér þau störf sem sveitarstjórn felur honum og varða verkefni sveitarstjórnarinnar, svo sem oddvitastörf. Þó getur sá sem verið hefur oddviti eitt kjörtímabil eða lengur eða setið í nefnd sama tímabil skorast undan kosningu jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið á hendi. Ósk um undanþágu skal sett fram áður en kjör í viðkomandi nefnd eða trúnaðarstarf fer fram. Sveitarstjórnarmanni ber að gegna störfum sínum í sveitarstjórn af alúð og samviskusemi og gæta hagsmuna sveitarfélagsins en í störfum sínum er sveitarstjórnarmaður einungis bundinn af lögum og sannfæringu sinni.

Sveitarstjórnarmaður skal gæta þagnarskyldu um það sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einka- eða almannahagsmuna samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskyldan helst áfram eftir að sveitarstjórnarmaður lætur af þeim störfum.

20. gr.

Réttur sveitarstjórnarmanna.

Sveitarstjórnarmenn eru sjálfstæðir í störfum sínum. Þeir eru einungis bundnir af lögum og eigin sannfæringu um afstöðu til einstakra mála.

Sveitarstjórnarmaður á rétt á að tekið verði á dagskrá sveitarstjórnarfundar hvert það málefni sem sérstaklega varðar hagsmuni sveitarfélagsins eða verkefni þess. Mál sem ekki er tilgreint á boðaðri dagskrá sveitarstjórnarfundar verður þó ekki tekið til afgreiðslu á viðkomandi fundi án samþykkis 2/3 hluta fundarmanna.

Sveitarstjórnarmaður hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum sveitarstjórnar eftir því sem nánar er ákveðið í samþykkt þessari. Sveitarstjórnarmaður á rétt á að fá bókaða stutta athugasemd um afstöðu sína til þeirra mála sem til umræðu eru í sveitarstjórn.

Vilji sveitarstjórnarmaður ekki una úrskurði oddvita um stjórn fundar og fundarsköp getur hann skotið úrskurðinum til sveitarstjórnar sem sker úr án umræðna.

21. gr.

Aðgangur að gögnum.

Vegna starfa sinna í sveitarstjórn á sérhver sveitarstjórnarmaður rétt á að kynna sér gögn og upplýsingar sem fyrir liggja í stjórnsýslu sveitarfélagsins og varða málefni sem komið geta til umfjöllunar í sveitarstjórn.

Sveitarstjórnarmaður skal eiga eðlilegan aðgang að skrifstofu og stofnunum sveitarfélagsins í þeim tilgangi að kynna sér starfsemi sveitarfélagsins og rekstur.

Sveitarstjórnarmaður skal beina beiðni um aðgang að gögnum, skv. 1. mgr. til oddvita eða sveitarstjóra. Í slíkri beiðni skal koma fram sem skýrust afmörkun þeirra gagna sem um ræðir. Afgreiðsla beiðna skal alla jafna fara fram innan 3ja vinnudaga frá því beiðni berst. Varði beiðni mikið umfang gagna eða ef gögn geta verið undanþegin upplýsingarétti almennings, skal oddviti eða sveitarstjóri, leggja til að sveitarstjórnarmaður kynni sér gögn á skrifstofu sveitarfélagsins en fái ekki afrit þeirra.

Sveitarstjórnarmaður skal beina beiðni um aðgang að skrifstofu og stofnunum sveitarfélagsins til oddvita eða sveitarstjóra, sbr. 2. mgr. Varði beiðni stofnun sem sérstakur fyrrisvarmaður er fyrir skal beiðni einnig kynnt þeim aðila. Sveitarstjórnarmaður skal alla jafna hafa fengið tækifæri til að nýta rétt sinn innan 5 vinnudaga frá því beiðni barst.

22. gr.

Siðareglur og góðir starfshættir.

Sveitarstjórnarmaður skal í störfum sínum fara eftir þeim siðareglum sem sveitarstjórn setur sér, sbr. 29. gr. sveitarstjórnarlaga.

23. gr.

Lausn frá störfum.

Nú telur sveitarstjórnarmaður sig ekki geta gegnt skyldum sínum í sveitarstjórninni án óhæfilegs álags og getur sveitarstjórnin þá létt af honum störfum eða veitt honum lausn að eigin ósk um tiltekinn tíma eða til loka kjörtímabils. Varamaður tekur þá sæti hans skv. 31. gr. sveitarstjórnarlaga.

Þegar sveitarstjórnarmaður flytur úr sveitarfélaginu um stundarsakir má sveitarstjórn ákveða, að ósk hans, að hann skuli víkja úr sveitarstjórn þar til hann tekur aftur búsetu í sveitarfélaginu. Slík ákvörðun skal tekin áður en sveitarstjórnarmaður flytur um stundarsakir. Sé ekki tekin ákvörðun samkvæmt þessari málsgrein missir sveitarstjórnarmaður kjörgengi við skráningu lögheimilis í öðru sveitarfélagi.

Missi sveitarstjórnarmaður kjörgengi skal hann víkja úr sveitarstjórninni, sbr. þó ákvæði 4. mgr. 31. gr. sveitarstjórnarlaga.

Nú er sveitarstjórnarmaður af einhverjum ástæðum sviptur fjárforræði, svo sem ef bú hans er tekið til gjaldþrotaskipta, og skal sveitarstjórnin þá veita honum lausn frá störfum þann tíma er sviptingin gildir.

24. gr.

Boðun varamanna.

Þegar aðalmaður er vanhæfur til meðferðar máls í sveitarstjórn skal boða varamann hans til meðferðar þess og afgreiðslu. Að afgreiðslu máls lokinni tekur aðalmaður sæti sitt á viðkomandi fundi á ný. Verði innköllun varamanns ekki við komið getur vanhæfur sveitarstjórnarmaður krafist þess að umræðu og afgreiðslu máls verði frestað til næsta fundar. Frestun nær þó ekki fram að ganga ef 2/3 hlutar viðstaddra sveitarstjórnarfulltrúa greiða atkvæði gegn frestun eða ef frestun hefur í för með sér að gengið sé gegn lögbundnum afgreiðslutíma máls.

Þegar aðalmaður getur ekki mætt til fundar eða þarf að víkja af fundi af heilsufarsástæðum eða af öðrum óviðráðanlegum ástæðum tekur varamaður hans sæti í sveitarstjórn á þeim fundi. Aðalmaður skal tilkynna forföll til fundarboðanda, eins fljótt og auðið er og óska eftir því að varamaður verði boðaður. Forföll samkvæmt þessari málsgrein taka ávallt til viðkomandi fundar í heild, eða til loka fundar sé um það að ræða.

Þegar fyrir sé að aðalmaður í sveitarstjórn muni taka hlé frá störfum vegna atvika sem greinir í 2. mgr. í a.m.k. einn mánuð skal varamaður hans taka sæti í sveitarstjórninni frá og með næsta fundi, enda séu þá ástæður forfalla enn til staðar. Þegar forföllum lýkur tekur aðalmaður sæti sitt að nýju frá og með næsta fundi.

Þegar aðalmaður fellur frá, missir kjörgengi eða fær lausn frá starfi í sveitarstjórn skal varamaður hans taka sæti í sveitarstjórn frá og með næsta fundi.

25. gr.

Þóknun o.fl.

Sveitarstjórnarmaður skal fá hæfilega þóknun úr sveitarsjóði fyrir störf sín í sveitarstjórn. Ef um langan veg er að fara milli heimilis sveitarstjórnarmanns og fundarstaðar sveitarstjórnar getur sveitarstjórnin auk þess ákveðið að hann skuli fá hæfilega greiðslu vegna ferðakostnaðar. Takist sveitarstjórnarmaður á hendur ferð á vegum sveitarfélagsins samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnar á hann rétt á greiðslu hæfilegs ferða- og dvalarkostnaðar.

Sveitarstjórn setur nánari reglur um greiðslur skv. 1. mgr.

Sveitarstjórnarmaður má ekki afsala sér greiðslum sem honum eru ákveðnar á grundvelli þessarar greinar.

26. gr.

Orlof.

Haga skal fundum sveitarstjórnar þannig að sveitarstjórnarmenn eigi möguleika á að taka sér orlof árlega.

27. gr.

Réttindi og skyldur varamanna.

Ákvæði þessa kafla um réttindi og skyldur sveitarstjórnarmanna gilda einnig um varamenn sem taka sæti í sveitarstjórninni.

V. KAFLI

Nefndir, ráð og stjórnir.

28. gr.

Kosning í nefndir og kjörtímabil.

Sveitarstjórn kýs fulltrúa í nefndir, ráð og stjórnir samkvæmt ákvæðum laga, reglugerða og samþykktar þessarar. Slíkar kosningar skulu vera leynilegar bundnar hlutfallskosningar ef einhver sveitarstjórnarmaður óskar þess. Framkvæmd kosninga skal þá vera í samræmi við ákvæði 44. og 45. gr. sveitarstjórnarlaga. Ef ekki er kosið hlutfallskosningu til nefndar, sbr. 1. mgr. 43. gr., sveitar-

stjórnarlaga, skal sveitarstjórn gæta þess að fullnægja kröfum um kynjahlutfall skv. 2. tölul. 44. gr. laganna við skipun í viðkomandi nefnd.

Kjörtímabil fastanefnda er hið sama og sveitarstjórnar, nema annað leiði af lögum eða samþykkt þessari.

Að loknum sveitarstjórnarkosningum halda fastanefndir þó umboði sínu þar til nýkjörin sveitarstjórn hefur kjörið nýja nefnd í þeirra stað en með sömu takmörkunum valdheimilda og fyrri sveitarstjórn sætti að afloknum kosningum, sbr. 12. gr. og 2. mgr. 37. gr. sveitarstjórnarlaga.

29. gr.

Kjörgengi.

Þeir einir eru kjörgengir í nefndir, ráð og stjórnir sem hafa kosningarrétt í sveitarfélaginu, nema annað leiði af lögum, sbr. m.a. 2. mgr. 39. gr. sveitarstjórnarlaga.

Starfsmenn fyrirtækja og stofnana sveitarfélagsins eru ekki kjörgengir í nefndir, ráð og stjórnir þeirra fyrirtækja eða stofnana sem þeir starfa hjá. Sveitarstjórn getur þó ákveðið að víkja frá þessu ef málefni vinnuveitanda eru óverulegur þáttur í starfi viðkomandi nefndar og starfið er ekki þess eðlis að hætta sé á hagsmunaárekstrum vegna nefndarsetu.

30. gr.

Valdsvið nefnda og framsal sveitarstjórnar til fastanefnda á valdi til fullnaðarafgreiðslu mála.

Um hlutverk og valdsvið nefnda, ráða og stjórna á vegum sveitarfélagsins fer eftir því sem ákveðið er í lögum, reglugerðum eða samþykktum sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn getur falið nefnd fullnaðarafgreiðslu einstakra mála eða málaflokka nema slíkt vald sé að lögum sérstaklega falið sveitarstjórn til ákvörðunar og skal slíkt valdaframsal ákveðið sérstaklega í samþykkt um stjórn sveitarfélagsins.

31. gr.

Afgreiðsla á fundargerðum.

Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna sveitarfélagsins skulu teknar á dagskrá sveitarstjórnar og skal það gert svo fljótt sem unnt er að afloknum nefndarfundi. Ef fundargerðir innihalda ekki ályktanir eða tillögur sem þarfnast sérstakrar staðfestingar sveitarstjórnar eru fundargerðirnar lagðar fram til kynningar. Ef ályktanir eða tillögur þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar ber að taka þær sérstaklega fyrir. Hafi ályktun nefndar, ráðs eða stjórnar í för með sér fjárútlát umfram áður veittar heimildir skal ályktunin ætíð lögð fyrir sveitarstjórn.

32. gr.

Fundir nefnda og ályktunarhæfi.

Nefndarfundur skal haldinn fyrir luktum dyrum. Nefnd getur kvatt á sinn fund einstaka starfsmenn sveitarfélagsins. Enn fremur getur nefnd boðið aðila að koma á sinn fund til viðræðna um tiltekin mál. Nefnd er heimilt að opna fundi sína komi fram ósk um slíkt svo fremi sem lög eða eðli máls hamli því ekki.

Ákvörðun um opinn fund skal tekin á fyrri fundi nefndarinnar og fá þar samþykki allra fundarmanna.

Á dagskrá opins nefndarfundar verða einungis til umfjöllunar málefni sem varða umtalsverða og/eða almenna hagsmuni íbúa sveitarfélagsins, og geta ekki varðað mál sem undanþegin kunna að vera upplýsingarétti almennings.

Opinn nefndarfundur skal auglýsa með dreifibréfi til allra heimila í sveitarfélaginu og með auglýsingu á heimasíðu sveitarfélagsins.

Um fundi nefnda, ályktunarhæfi og atkvæðagreiðslur gilda ákvæði III. kafla samþykktar þessarar og sveitarstjórnarlaga eftir því sem við getur átt.

33. gr.

Formennska, fundarstjórn og fundargerðir.

Sveitarstjórn kýs formann en nefndin skal skipa sér varaformann og ritara nema lög eða sveitarstjórnin ákveði annað.

Formaður boðar nefnd saman til fyrsta fundar eða ákveður hver skuli gera það. Formaður nefndar boðar eða lætur boða til funda í nefnd með dagskrá og fundargögnum með a.m.k. eins sólarhrings fyrirvara. Dagskrá og fundargögn nefndarfunda skulu jafnframt send varamönnum með sama fyrirvara.

Formaður nefndar stýrir fundum. Ákvæði II. og III. kafla samþykktar þessarar gilda um meðferð mála í nefndum, ráðum og stjórnnum sveitarfélagsins eftir því sem við á.

Nefndir, ráð og stjórnir sveitarfélagsins skulu halda gerðabækur. Kjörinn ritari nefndar skal færa fundargerð í gerðabók. Um ritun fundargerða nefnda, ráða og stjórna gilda sömu reglur og um ritun fundargerða sveitarstjórnar, sbr. 16. gr. samþykktar þessarar.

34. gr.

Varamenn.

Nefndarmanni er skylt að sækja fundi nema lögmæt forföll hamli. Þegar aðalmaður í nefnd forfallast um stundarsakir skal varamaður hans taka sæti í nefndinni. Varamenn taka sæti í nefndum í þeirri röð sem þeir eru kosnir.

Þegar kosið er til nefndar hlutbundinni listakosningu eða listi hefur verið sjálfkjörinn og aðalmaður í nefnd er forfallaður taka varamenn þess lista sem aðalmaður er kjörinn af sæti í nefnd í þeirri röð sem þeir skipa listann eftir að endurröðun á hann hefur farið fram skv. 4. tölul. 1. mgr. 45. gr. sveitarstjórnarlaga.

Ef tveir eða fleiri flokkar eða framboðslistar til sveitarstjórnar leggja í sameiningu fram tillögu að lista við hlutbundna kosningu í nefnd sveitarstjórnar geta þeir komið sér saman um að varamenn á listanum vegna nefndarkosningarinnar, sem eru þar fulltrúar sama flokks eða framboðslista og sá aðalmaður í nefnd sem um ræðir, taki sæti hans í nefndinni í þeirri röð sem þeir voru kosnir án tillits til þess hvar þeir annars eru í röð varamanna. Sé enginn úr hópi varamanna viðkomandi lista í sama flokki eða tilheyri sama framboðslista og aðalmaður tilheyrði þegar kosning í nefnd fór fram taka varamenn af listanum sæti eftir venjulegum reglum.

Yfirlýsingu um samkomulag skv. 3. mgr. skal leggja fram á fyrsta sveitarstjórnarfundum eftir að nefndarkosning fór fram og gildir hún til loka kjörtímabils eða þar til kjörið er í nefnd að nýju.

35. gr.

Boðun varamanna.

Um boðun varamanna á nefndarfundum gilda ákvæði 24. gr. samþykktar þessarar eftir því sem við á.

Þegar aðalmaður í nefnd flyst burt úr sveitarfélaginu, fær lausn frá nefndarstarfi, fellur frá eða forfallast á annan hátt varanlega tekur varamaður hans sæti nema sveitarstjórnin ákveði að kjósa aðalmann að nýju, ella skipar sveitarstjórn nýjan varamann til setu í nefndinni.

Ákvæði þessa kafla samþykktarinnar um varamenn taka einnig til varaáheyrnarfulltrúa eftir því sem við getur átt.

36. gr.

Lausn frá nefndarsetu og endurskipun.

Fulltrúum í nefndum, ráðum og stjórnnum sveitarfélagsins, sem ekki eru aðal- eða varamenn í sveitarstjórn, er heimilt að segja af sér nefndastörfum hvenær sem er á kjörtímabili. Aðrir fulltrúar geta óskað eftir því við sveitarstjórn að þeim verði veitt lausn tímabundið eða út kjörtímabilið og metur hún þá hvort skilyrði til þess séu fyrir hendi.

Sveitarstjórn getur hvenær sem er á kjörtímabili ákveðið að skipta um fulltrúa í nefndum, ráðum og stjórnnum sem hún kýs eða skipar ef ekki er um það ágreiningur innan sveitarstjórnar eða málefna- legar ástæður mæla með slíkri breytingu, svo sem ef nefndarmaður, án lögmætra forfalla, mætir ekki á fundi nefndar eða brýtur gegn þagnarskyldu. Enn fremur getur sveitarstjórnarmaður krafist þess að nefnd verði endurskipuð telji hann ástæðu til. Sveitarstjórn er þó heimilt að hafna slíkri beiðni ef hún

er bersýnilega tilefnislaus að því tilskildu að 2/3 fundarmanna greiði atkvæði með tillögu um höfnun. Við framangreindar breytingar á skipan fulltrúa í nefndum, ráðum og stjórnnum sveitarfélagsins skal kjósa alla fulltrúa að nýju og fer þá um kjör þeirra skv. 1. mgr. 43. gr. sveitarstjórnarlaga nema enginn ágreiningur sé innan sveitarstjórnar um breytingarnar.

Breytingar á nefndaskipan samkvæmt þessari grein skulu fullnægja skilyrðum 2. tölul. 44. gr. og 4. tölul. 1. mgr. 45. gr. sveitarstjórnarlaga um kynjahlutföll.

37. gr.

Áheyrnarfulltrúar.

Framboðsaðila sem fulltrúa á í sveitarstjórn, en nær ekki kjöri í fastanefnd, er heimilt að tilnefna áheyrnarfulltrúa til þátttöku í fundum nefnda.

Um áheyrnarfulltrúa á fundum nefnda gilda sömu þagnarskylduákvæði laga og eiga við um aðra nefndarmenn. Áheyrnarfulltrúi og varaáheyrnarfulltrúi skulu fullnægja kjörgengisskilyrðum í viðkomandi nefnd.

Komi til þess að kosið verði í sveitarstjórn með hlutbundinni kosningu verða áheyrnarfulltrúar ekki tilnefndir í nefndir, sbr. 50. gr. sveitarstjórnarlaga.

38. gr.

Þóknun.

Sveitarstjórn er skylt að ákveða kjörnum fulltrúum í nefndum, ráðum og stjórnnum á vegum sveitarfélagsins hæfilega þóknun fyrir þau störf, samkvæmt mati sveitarstjórnar, í samræmi við reglur sem hún setur. Sveitarstjórn er með sama hætti heimilt að ákveða að greiða áheyrnarfulltrúum þóknun fyrir störf þeirra í nefndum, ráðum og stjórnnum á vegum sveitarfélagsins.

39. gr.

Önnur réttindi og skyldur.

Nefndarmönnum er skylt að sækja fundi nefndar.

Ákvæði III. og IV. kafla samþykktar þessarar gilda að öðru leyti um fulltrúa í nefndum, ráðum og stjórnnum sveitarfélagsins eftir því sem við á. Réttindi takmarkast þó eftir eðli máls við það sem fulltrúum er þörf á vegna starfa í viðkomandi nefnd.

40. gr.

Aðrar nefndir, ráð og stjórnir sem sveitarfélagið á aðild að.

Sveitarstjórn kys fulltrúa í nefndir, ráð og stjórnir sem sveitarfélagið á aðild að samkvæmt viðkomandi lögum eða samþykktum. Ákvæði þessa kafla samþykktarinnar eiga við um slíka fulltrúa eftir því sem við getur átt.

Að því leyti sem nefnd, ráð eða stjórn lögaðila, sem sveitarstjórn kys fulltrúa til skv. 1. mgr., fer með framkvæmd eða ábyrgð á verkefni sem sveitarfélaginu væri ekki sjálfu heimilt að sinna, þá er fulltrúi sveitarfélagsins í viðkomandi nefnd, ráði eða stjórn ekki bundinn af fyrirmælum sveitarstjórnarinnar um þau störf. Hið sama á við að því leyti sem það leiðir af lögum sem gilda um rekstur og starfsemi viðkomandi lögaðila.

Sveitarstjóri fer með umboð sveitarfélagsins á hluthafa- og aðalfundum félaga og byggðasamlaga sem sveitarfélagið á aðild að. Oddviti fer með umboð sveitarfélagsins á sömu fundum í föllum sveitarstjóra nema annað sé ákveðið af sveitarstjórn. Sveitarstjóra og oddvita er ekki heimilt að framvísa umboði til annarra.

41. gr.

Fastanefndir, aðrar nefndir, stjórnir og ráð sem sveitarfélagið á aðild að.

Sveitarstjórn kys fulltrúa í eftirtaldar nefndir, ráð, stjórnir og embætti:

A. Fulltrúar kjörnir til fjögurra ára:

Á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum sveitarstjórnarkosningum er kosið í eftirtaldar nefndir sem sinna lögboðnum verkefnum og faglegu starfi þeirra málaflokka sem þeim hafa verið falin af sveitarstjórn með erindisbréfum. Sveitarstjórn kys eða tilnefnir í nefndirnar á fyrsta til þriðja

fundi nýkjörinnar sveitarstjórnar og er kjörtímabil þeirra hið sama og sveitarstjórnar. Að loknum sveitarstjórnarkosningum halda fastanefndir þó umboði sínu þar til nýkjörin sveitarstjórn hefur kjörið nýja nefnd í þeirra stað, en með sömu takmörkunum valdheimilda og fyrri sveitarstjórn sætti að afloknum kosningum, sbr. 6. gr. samþykktar þessarar.

Að öðru jöfnu kýs sveitarstjórn nefndum formann nema í þeim nefndum sem eru sameiginlegar með öðrum sveitarfélögum.

1. *Oddviti og varaoddviti.* Á fyrsta fundi nýkjörinnar sveitarstjórnar, sbr. 7. gr. samþykktar þessarar.
2. *Fræðslunefnd.* Í fræðslunefnd eiga sæti fimm fulltrúar kosnir af sveitarstjórn að afloknum sveitarstjórnarkosningum skv. ákvæðum laga um leikskóla nr. 90/2008, laga um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla nr. 75/1985 og laga um grunnskóla nr. 91/2008. Sveitarstjórn kýs nefndinni formann og hverjum aðalmanni er jafnframt kosinn varamaður. Auk verkefna sem fræðslunefnd hefur með höndum samkvæmt lögum getur sveitarstjórn falið henni ýmis verkefni með erindisbréfum.
3. *Skipulagsnefnd.* Í skipulagsnefnd eiga sæti fimm fulltrúar kosnir af sveitarstjórn að afloknum sveitarstjórnarkosningum skv. ákvæðum 6. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Sveitarstjórn kýs nefndinni formann og hverjum aðalmanni er jafnframt kosinn varamaður. Skipulagsnefnd tekur fullnaðarákvörðun um matsskyldu framkvæmdar þegar sveitarfélagið sjálf er framkvæmdaaðili. Auk verkefna sem skipulagsnefnd hefur með höndum samkvæmt lögum getur sveitarstjórn falið henni ýmis verkefni með erindisbréfum.
4. *Rekstrarnefnd Klausturhóla.* Í rekstrarnefnd eiga sæti fimm fulltrúar kosnir af sveitarstjórn að afloknum sveitarstjórnarkosningum skv. ákvæðum 18. gr. laga um málefni aldraðra nr. 125/1999. Sveitarstjórn kýs nefndinni formann og hverjum aðalmanni er jafnframt kosinn varamaður. Auk verkefna sem rekstrarnefnd Klausturhóla hefur með höndum samkvæmt lögum getur sveitarstjórn falið henni ýmis verkefni með erindisbréfum.
5. *Menningarmálanefnd.* Í menningarmálanefnd eiga sæti þrjár fulltrúar kosnir af sveitarstjórn að afloknum sveitarstjórnarkosningum skv. ákvæðum 8. gr. bókasafnalaga nr. 150/2012. Sveitarstjórn kýs nefndinni formann og hverjum aðalmanni er jafnframt kosinn varamaður. Auk verkefna sem menningarmálanefnd hefur með höndum samkvæmt lögum getur sveitarstjórn falið henni ýmis verkefni með erindisbréfum.
6. *Atvinnumálanefnd.* Í atvinnumálanefnd eiga sæti fimm fulltrúar kosnir af sveitarstjórn að afloknum sveitarstjórnarkosningum. Sveitarstjórn kýs nefndinni formann og hverjum aðalmanni er jafnframt kosinn varamaður. Nefndin fjallar um atvinnumál í sveitarfélaginu, og gerir tillögur að leiðum til atvinnuaukningar í sveitarfélaginu. Auk verkefna sem atvinnumálanefnd hefur með höndum samkvæmt lögum getur sveitarstjórn falið henni ýmis verkefni með erindisbréfum.
7. *Íþrótt- og tómstundanefnd.* Í íþrótt- og tómstundanefnd eiga sæti þrjár fulltrúar kosnir af sveitarstjórn að afloknum sveitarstjórnarkosningum. Sveitarstjórn kýs nefndinni formann og hverjum aðalmanni er jafnframt kosinn varamaður. Nefndin skal vera sveitarstjórn til ráðuneytis í æskulýðs-, íþrótt- og tómstundamálum og gera tillögur til sveitarstjórnar á þeim vettvangi. Nefndinni ber að hafa eftirlit með íþróttamannvirkjum þar sem það á við og hún skal eiga samstarf við aðrar nefndir, svo sem fræðslunefnd um þau viðfangsefni sem sameiginleg geta talist. Auk verkefna sem íþrótt- og tómstundanefnd hefur með höndum samkvæmt lögum getur sveitarstjórn falið henni ýmis verkefni með erindisbréfum.
8. *Umhverfis- og náttúruverndarnefnd.* Í nefndinni eiga sæti fimm fulltrúar kosnir af sveitarstjórn að afloknum sveitarstjórnarkosningum skv. ákvæðum 14. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013. Sveitarstjórn kýs nefndinni formann og hverjum aðalmanni varamann. Umhverfis- og náttúruverndarnefnd skal vera sveitarstjórn til ráðgjafar um náttúruverndar-, umhverfis- og hreinlætismál. Nefndin skal stuðla að náttúruvernd og úrbótum í umhverfis- og hreinlætismálum í sveitarfélaginu, m.a. með fræðslu og umfjöllun um framkvæmdir og starfsemi sem líkleg er til að hafa áhrif á náttúruverndar- og umhverfismál og gera tillögur um úrbætur til sveitarstjórnar. Auk verkefna sem umhverfis- og náttúruverndarnefnd hefur með höndum samkvæmt lögum getur sveitarstjórn falið henni ýmis verkefni með erindisbréfum.

9. *Jafnréttisnefnd.* Í nefndinni eiga sæti þrjú fulltrúar kosnir af sveitarstjórn að afloknum sveitarstjórnarkosningum skv. ákvæðum 12. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008. Sveitarstjórn kys nefndinni formann og hverjum aðalmanni er jafnframt kosinn varamaður. Hlutverk nefndarinnar er að vera ráðgefandi fyrir sveitarstjórn í málafnum er varða jafnrétti kynjanna. Einnig á jafnréttisnefnd að fylgjast með og hafa frumkvæði að aðgerðum, þar með talið sértækum aðgerðum, til að tryggja jafnan rétt og jafna stöðu kynjanna innan sveitarfélagsins. Auk verkefna sem jafnréttisnefnd hefur með höndum samkvæmt lögum getur sveitarstjórn falið henni ýmis verkefni með erindisbréfum.
10. *Fjallskilanefnd/-nefndir.* Sveitarstjórn kys þrjú aðalmenn og jafnmarga til vara skv. 3. gr. fjallskilasamþykktar Vestur-Skaftafellssýslu nr. 774/2020. Sveitarstjórn getur ákveðið fjölda fjallskilanefnda. Auk verkefna sem fjallskilanefnd/-nefndir hafa með höndum samkvæmt lögum getur sveitarstjórn falið henni/þeim ýmis verkefni með erindisbréfum.
11. *Kjörstjórn.* Sveitarstjórn kys þrjú aðalmenn og jafnmarga til vara skv. 14. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998 og 15. gr. laga um kosningar til Alþingis nr. 24/2000.
12. *Ungmennaráð.* Sveitarstjórn skal hlutast til um stofnun ungmennaráðs skv. 11. gr. æskulýðslaga nr. 70/2007. Í ungmennaráði eiga sæti þrjú fulltrúar og þrjú til vara sem eru skipaðir árlega. Félagsmiðstöðin Klaustrið tilnefni einn fulltrúa og einn til vara og íþrótt- og tómstundanefnd tvo fulltrúa og tvo til vara. Ungmennaráð er ráðgefandi um málefni sem tengjast ungu fólki á aldrinum 13-18 ára í Skaftárhreppi.
13. *Öldungaráð.* Öldungaráð er skipað þremur fulltrúum og þremur til vara. Félag eldri borgara í Skaftárhreppi tilnefni einn fulltrúa og einn til vara og sveitarstjórn kys tvo fulltrúa og tvo til vara að afloknum sveitarstjórnarkosningum skv. 8. gr. laga um málefni aldraðra nr. 125/1999.

B. Samstarfsnefndir og stjórnir. Hér er um að ræða samstarfsnefndir og stjórnir stofnana með sjálfstæðan fjárhag sem hafa endanlegt ákvörðunarvald í málefnum sínum, þ.e. þurfa ekki staðfestingu sveitarstjórnar til að koma málum í framkvæmd innan ákveðins fjárhagslegs ramma. Sveitarstjórn kys eða tilnefni fulltrúa á fyrsta til þriðja fundi nýkjörinnar sveitarstjórnar og er kjörtímabil þeirra hið sama og sveitarstjórnar eða samkvæmt ákvörðun hennar í hverju tilfalli.

1. *Almannavarnanefnd.* Skal skipuð lögreglustjóranum í Vestur-Skaftafellssýslu, sveitarstjórum Skaftárhrepps og Mýrdalshrepps og oddvitum hreppanna. Nefndin ákveður sjálf hversu margir menn auk ofantaldra sitja í nefndinni og kys sér formann og varaformann skv. 9. gr. laga nr. 82/2008 um almannavarnir.
2. *Héraðsnefnd Vestur-Skaftafellinga.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Sveitarstjórn Skaftárhrepps kys tvo eða þrjú fulltrúa í nefndina samkvæmt samþykktum héraðsnefndar.
3. *Rekstrarstjórn Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu.* Skaftárhreppur kys einn fulltrúa og einn til vara. Hlutverk stjórnarinnar fer eftir samþykktum fyrir byggðasamlagið Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu.
4. *Félagsmálanefnd.* Sveitarstjórn getur ákveðið að tilnefna í sameiginlega félagsmálanefnd með nágrennasveitarfélögum samkvæmt nánara samkomulagi þar um. Skaftárhreppur kys einn fulltrúa í félagsmálanefnd Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu og einn til vara skv. samkomulagi sveitarfélaga í Vestur-Skaftafellssýslu og Rangárvallasýslu.
5. *Stjórn Náttúrustofu Suðausturlands.* Skaftárhreppur kys einn fulltrúa og einn til vara. Hlutverk stjórnarinnar fer eftir samningi milli Sveitarfélagsins Hornafjarðar, Skaftárhrepps og umhverfis- og auðlindaráðuneytisins um rekstur Náttúrustofu á Höfn í Hornafirði og samstarfssamning Sveitarfélagsins Hornafjarðar og Skaftárhrepps um stofnun og rekstur Náttúrustofu Suðausturlands.
6. *Stjórn Kirkjubæjarstofu.* Sveitarstjórn kys tvo fulltrúa og tvo til vara. Samkvæmt samþykktum Kirkjubæjarstofu skal annar fulltrúi Skaftárhrepps jafnframt vera formaður stjórnar.
7. *Stjórn Hulu bs.* Sveitarstjórn kys einn aðalmann og einn til vara.
8. *Ungmennaráð Suðurlands.* Ungmennaráð Skaftárhrepps tilnefni árlega einn fulltrúa og einn til vara.

9. *Svæðisráð Vestursvæðis Vatnajökulspjóðgarðs*. Ráðherra skipar sex fulltrúa til setu í svæðisráði til fjögurra ára í senn skv 7. gr. laga um Vatnajökulspjóðgarð nr. 60/2007. Sveitarstjórn tilnefnir einn fulltrúa og einn til vara til setu í svæðisráði.
10. *Stjórn Tungusels*. Sveitarstjórn kýs tvo aðalmenn og tvo til vara.
11. *Stjórn Kötlu jarðvangs*. Sveitarstjórn tilnefnir einn fulltrúa og einn til vara.
12. *Velunnarasjóður Hjúkrunar- og dvalarheimilisins Klausturhóla*. Í stjórn sjóðsins eiga sæti þrír menn. Einn er tilefndur af rekstrarnefnd og einn til vara, tveir eru tilnefndir af sveitarstjórn og tveir til vara. Skal a.m.k annar þeirra hvorki eiga sæti í sveitarstjórn eða rekstrarnefnd. Kjörtímabil stjórnar er það sama og sveitarstjórnar og starfar stjórn skv. skipulags-skrá sjóðsins.

C. Fulltrúar á landsþing.

1. *Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga*. Sveitarstjórn kýs aðal- og varafulltrúa á landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga samkvæmt lögum sambandsins. Sveitarstjórn kýs fulltrúa í upphafi kjörtímabils og annan til vara, eigi síðar en 15. júlí. Gildir sú kosning fyrir kjörtímabil sveitarstjórnar.
2. Sveitarstjórn kýs eða tilnefnir fulltrúa í nefndir, stjórnir og ráð sem leiða af samstarfi sveitarfélaga á Suðurlandi, Vestur-Skaftafellssýslu og Sambandi íslenskra sveitarfélaga, eftir því sem lög, reglur og samþykktir segja til um.

- D. **Verkefnabundnar nefndir.** Sveitarstjórn getur kosið nefndir til að vinna að einstökum afmörkuðum verkefnum. Umboð slíkra nefnda fellur sjálfkrafa niður við lok kjörtímabils sveitarstjórnar. Sveitarstjórn getur þó afturkallað umboð slíkra nefnda hvenær sem er. Sveitarstjórn útbýr erindisbréf fyrir nefndirnar þar sem hlutverk og staða þeirra er skilgreind.

VI. KAFLI

Um framkvæmdastjórn og starfslið sveitarfélagsins.

42. gr.

Ráðning sveitarstjóra.

Sveitarstjórn er heimilt að ráða sveitarstjóra til þess að annast framkvæmd ákvarðana sveitarstjórnar og verkefni sveitarfélagsins. Gera skal skriflegan ráðningarsamning við sveitarstjórnann þar sem meðal annars skal kveðið á um ráðningartíma hans, kaup og kjör. Ráðningarsamningur skal staðfestur af sveitarstjórn.

43. gr.

Hlutverk oddvita.

Ef ekki er ráðinn sérstakur framkvæmdastjóri sveitarfélagsins hefur oddviti með höndum daglega stjórn sveitarfélagsins, undirbýr fundi sveitarstjórnar, annast framkvæmd ákvarðana sveitarstjórnar og annarra málefna sveitarfélagsins, svo sem bréfaskipti, gjaldheimtu og reikningshald. Um hlutverk oddvita vísast jafnframt til ákvæða samþykktar þessarar um hlutverk framkvæmdastjóra.

Laun oddvita skulu ákveðin sérstaklega af sveitarstjórninni. Skulu launin endurskoðuð reglulega í samræmi við almennar launabreytingar í landinu.

Ef um er að ræða sérstakar, umfangsmiklar og tímabundnar framkvæmdir á vegum sveitarfélagsins sem oddviti sér um, á hann rétt á sérstakri þóknun fyrir þau störf samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnar. Láti oddviti í té húsnæði og aðra aðstöðu vegna skrifstofuhalds og fundarhalda í þágu sveitarfélagsins á hann rétt á sérstakri greiðslu fyrir þá þjónustu.

Varaoddviti gegnir staðgengilshlutverki fyrir oddvita.

44. gr.

Hlutverk sveitarstjóra.

Sveitarstjóri er æðsti yfirmaður annars starfsliðs sveitarfélagsins. Hann skal sjá um að stjórn-sýsla sveitarfélagsins samræmist lögum, samþykktum og viðeigandi fyrirmælum yfirmanna.

Sveitarstjóri undirbýr fundi sveitarstjórnar, semur dagskrá og boðar til funda. Hann á sæti á fundum sveitarstjórnarinnar og hefur þar málfrelsi og tillögurétt en eigi atkvæðisrétt nema hann sé

kjörinn sveitarstjórnarmaður. Hann hefur og rétt til setu á fundum nefnda sveitarfélagsins með sömu réttindum.

Sveitarstjóri skal sjá um að fundir sveitarstjórnar og nefnda sveitarstjórnar séu vel undirbúnir, m.a. í þeim tilgangi að mál sem þar eru afgreidd séu vel upplýst. Sveitarstjóri hefur á hendi framkvæmd ákvarðana sveitarstjórnar og málefna sveitarfélagsins að svo miklu leyti sem sveitarstjórn hefur ekki ákveðið annað.

Sveitarstjóri er prókúruhafi sveitarsjóðs. Hann undirritar skjöl varðandi kaup og sölu fasteigna sveitarfélagsins, lántökur og aðrar skuldbindingar eða ráðstafanir sem samþykki sveitarstjórnar þarf til. Sveitarstjóranum er heimilt með samþykki sveitarstjórnar að veita öðrum starfsmanni sveitarfélagsins prókúru.

Sveitarstjórn ákveður hver gegna skuli störfum í forföllum sveitarstjóra.

45. gr.

Ráðning í æðstu stjórnunarstöður.

Sveitarstjórn ræður starfsmenn í helstu stjórnunarstöður hjá sveitarfélaginu, svo sem yfirmenn stofnana og deilda sveitarfélagsins, og veitir þeim lausn frá störfum.

46. gr.

Ráðning annarra starfsmanna.

Um ráðningu annarra starfsmanna fer eftir reglum sem sveitarstjórn setur.

47. gr.

Þagnarskylda starfsmanna.

Starfsmenn Skaftárhrepps og aðrir sem sveitarfélagið ræður til vinnu við ákveðin verkefni eru bundnir þagnarskyldu um atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt eiga að fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirboðara eða eðli máls. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.

48. gr.

Starfskjör og réttindi starfsmanna.

Um starfskjör, réttindi og skyldur starfsmanna sveitarfélagsins fer eftir ákvæðum kjarasamninga hverju sinni og/eða ákvæðum ráðningarsamninga.

VII. KAFLI

Um fjármálastjórn sveitarfélagsins.

49. gr.

Fjárstjórnarvald sveitarstjórnar.

Einvörðungu sveitarstjórn getur tekið ákvarðanir um málefni sem varða verulega fjármál sveitarfélagsins. Til slíkra málefna teljast m.a. ákvarðanir um eftirtalin atriði séu ekki gerðar beinar undantekningar þar á með lögum:

1. staðfestingu ársreiknings,
2. fjárhagsáætlun næstkomandi árs,
3. fjárhagsáætlun til fjögurra ára,
4. viðauka við fjárhagsáætlanir skv. 2. og 3. tölul.,
5. lán, ábyrgðir eða aðrar fjárhagslegar skuldbindingar sveitarfélagsins,
6. sölu eigna sveitarfélagsins og annarra réttinda þess,
7. álagningu skatta og gjalda,
8. ráðningu eða uppsögn endurskoðanda.

50. gr.

Afgreiðsla og form fjárhagsáætlunar.

Sveitarstjórn skal á hverju ári afgreiða fjárhagsáætlun fyrir komandi ár og næstu þrjú ár þar á eftir. Sveitarstjóri leggur skv. 1. mgr. 62. gr. sveitarstjórnarlaga tillögu um fjárhagsáætlun fyrir sveitarstjórn eigi síðar en 1. nóvember ár hvert. Sveitarstjórn skal fjalla um hana á tveimur fundum

sem fram skulu fara með minnst tveggja vikna millibili. Að lokinni umræðu sveitarstjórnar skal afgreiða tillöguna, þó ekki síðar en 15. desember ár hvert.

Form fjárhagsáætlunar skal vera í samræmi við form ársreiknings. Í fjárhagsáætlun skal koma fram rekstrar- og framkvæmdaáætlun, áætlun um efnahag í upphafi og lok árs, auk áætlaðra fjármagnshreyfinga.

Við afgreiðslu fjárhagsáætlunar tekur sveitarstjórn ákvarðanir um nýtingu tekjustofna sveitar-sjóðs og tekjuöflun, um öflun lánsfjár ef um það er að ræða og um ráðstöfun fjármuna á fjárhags-árinu bæði til rekstrar og eignabreytinga. Þá skal við gerð fjárhagsáætlunar hafa hliðsjón af fjárhags-legri stöðu sveitarsjóðs í byrjun fjárhagsársins.

Sveitarstjórnin skal árlega gæta þess svo sem kostur er að heildarútgjöld sveitarfélagsins, þar með talin rekstrarútgjöld, fari ekki fram úr heildartekjum þess.

Sveitarstjórn skal senda ráðuneytinu fjárhagsáætlun innan fimmtán daga frá afgreiðslu hennar, sbr. 1. mgr. 76. gr. sveitarstjórnarlaga. Sama á við um viðauka við fjárhagsáætlun.

51. gr.

Bindandi áhrif ákvörðunar um fjárhagsáætlun ársins.

Ákvörðun sem sveitarstjórn tekur skv. 50. gr. samþykktar þessarar og 62. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 um fjárhagsáætlun næstkomandi árs er bindandi regla um allar fjárhagslegar ráðstafanir af hálfu sveitarfélagsins. Aðrir geta þó ekki byggt sjálfstæðan rétt til fjárframlaga eða annarrar fyrirgreiðslu sveitarfélagsins á fjárhagsáætlun.

Óheimilt er að víkja frá fjárhagsáætlun skv. 1. mgr. nema sveitarstjórn hafi áður samþykkt viðauka við áætlunina. Á þetta við um hvers kyns ákvarðanir, samninga eða aðrar fjárhagslegar ráðstafanir sem hafa í för með sér breytingar á tekjum, útgjöldum, skuldbindingum eða tilfærslur milli liða í fjárhagsáætlun í þegar samþykktari áætlun. Viðauki er ekki gildur nema hann feli einnig í sér útfærða ákvörðun um það hvernig þeim útgjöldum eða tekjulækkun sem gert er ráð fyrir verði mætt. Á það einnig við þótt heildarútgjöld eða heildartekjur breytist ekki vegna samþykktar hans.

Þrátt fyrir 2. mgr. má í undantekningartilvikum gera þær ráðstafanir sem skylt er samkvæmt lögum eða öðrum bindandi réttarreglum án þess að sveitarstjórn hafi áður samþykkt viðauka, enda þoli þær ekki bið. Viðhlítandi heimildar sveitarstjórnar skal þá aflað svo fljótt sem auðið er. Skal erindi um slíka heimild lagt fyrir þegar á næsta fundi sveitarstjórnarinnar.

52. gr.

Fjármálareglur og viðmið um afkomu sveitarfélagsins.

Sveitarstjórn ber að sjá til þess að rekstri, fjárfestingum og ráðstöfun eigna og sjóða sé þannig hagað á hverjum tíma að sveitarfélagið muni til framtíðar geta sinnt skyldubundnum verkefnum sínum, sbr. 64. gr. sveitarstjórnarlaga og ákvæði reglugerðar nr. 502/2012 um fjárhagsleg viðmið og eftirlit með fjármálum sveitarfélaga.

53. gr.

Ábyrgð við meðferð fjármuna og heimildir til fjárskuldbindinga.

Sveitarstjórn skal gæta ábyrgðar við meðferð fjármuna sveitarfélagsins og varðveita fjármuni með ábyrgum hætti, svo sem á innlánsreikningum fjármálastofnana eða með því að kaupa ríkis-tryggð verðbréf. Um heimildir til fjárfestinga í hagnaðarskyni fer skv. ákvæðum 65. gr. sveitarstjórnarlaga. Áður en sveitarstjórn tekur ákvörðun um fjárfestingu, framkvæmd eða aðra skuldbindingu sem nemur hærri fjárhæð en 20% af skatttekjum sveitarfélagsins yfirstandandi reikningsár er skylt að gera sérstakt mat á áhrifum hennar á fjárhag sveitarfélagsins sbr. 66. gr. sveitarstjórnarlaga.

Um heimildir Skaftárhrepps til veðsetninga og til að gangast í ábyrgðir fer skv. 68. og 69. gr. sveitarstjórnarlaga.

54. gr.

Ársreikningur.

Gera skal ársreikning fyrir sveitarsjóð, stofnanir sveitarfélagsins og fyrirtæki þess. Jafnframt skal gera samstæðureikning fyrir sveitarfélagið, þ.e. sveitarsjóð, stofnanir þess og fyrirtæki með

sjálfstætt reikningshald, sbr. 60. gr. sveitarstjórnarlaga. Ársreikningur skal gerður samkvæmt lögum um ársreikninga, reglum settum samkvæmt þeim lögum og sveitarstjórnarlögum, sem og góðri reikningsskilavenju.

Ársreikningur sveitarfélagsins skal fullgerður og samþykktur af sveitarstjóra sveitarfélagsins og tilbúinn til endurskoðunar og afgreiðslu í sveitarstjórn fyrir 15. apríl ár hvert.

Sveitarstjórn skal hafa lokið staðfestingu ársreikninga sveitarsjóðs, stofnana sveitarfélagsins og fyrirtækja þess eigi síðar en 15. maí ár hvert. Sveitarstjóri og sveitarstjórnarmenn skulu árita ársreikninginn.

Eintak af ársreikningnum, ásamt skýrslu endurskoðanda, skal senda ráðuneyti sveitarstjórnarmála og Hagstofu Íslands eigi síðar en 20. maí ár hvert.

55. gr.

Endurskoðun ársreikninga.

Sveitarstjórn ræður löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki sem annast skal endurskoðun ársreikninga hjá sveitarfélaginu. Endurskoðun fer eftir lögum um endurskoðendur, lögum um ársreikninga og alþjóðlegum endurskoðunarstöðlum, sem og fyrirmælum 72. og 73. gr. sveitarstjórnarlaga.

VIII. KAFLI

Samráð við íbúa – þátttökulýðræði.

56. gr.

Samráð við íbúa.

Sveitarstjórn skal leitast við að tryggja íbúum sveitarfélagsins og þeim sem njóta þjónustu þess möguleika til að taka þátt í og hafa áhrif á stjórn sveitarfélagsins og undirbúning stefnumótunar, sbr. ákvæði X. kafla sveitarstjórnarlaga.

Sveitarstjórn skal sérstaklega vinna að því að íbúar sveitarfélagsins geti fengið greinargóðar upplýsingar um áætlanir sem sveitarfélagið hefur til meðferðar og önnur mál sem hafa verulega þýðingu fyrir sveitarfélagið. Í því skyni verði eftir því sem best hentar veittar upplýsingar á heimasíðu sveitarfélagsins, dreifibréf send á heimili í sveitarfélaginu eða haldnir borgarafundir.

57. gr.

Almenn atkvæðagreiðsla að frumkvæði íbúa.

Ef 33,3% þeirra sem kosningarrétt eiga í sveitarfélaginu óska almennrar atkvæðagreiðslu skv. 108. gr. sveitarstjórnarlaga skal sveitarstjórn verða við því eigi síðar en innan árs frá því að slík ósk berst.

Um framkvæmd undirskriftasöfnunar, hlutverk sveitarstjórnar og framkvæmd almennrar atkvæðagreiðslu fer skv. 107. og 108. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

58. gr.

Gildistaka.

Samþykkt þessi sem sveitarstjórn Skaftárhrepps hefur sett samkvæmt ákvæðum 9. og 18. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi samþykkt um stjórn og fundarsköp Skaftárhrepps nr. 132/2015 með síðari breytingu.

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, 22. desember 2020.

F. h. r.

Hermann Sæmundsson.

Stefanía Traustadóttir.